

felld niður. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Hin áfrýjaða dómsathöfn er lögtaksgerð, sem fram fór í fógætarétti Reykjavíkur 30. janúar 1979. Henni var áfrýjað, að fengnu áfrýjunarleyfi, með stefnu 18. júlí s. á. Málið var þingfest 1. október 1979, og fékk áfrýjandi þá frest til febrúar 1980. Stefndi hefur greint svo frá, að áfrýjandi hafi ekki enn beðið um dómsgerðir í málinu og sér vitanlega ekki aðhafst neitt til að búa málið undir flutning fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi hefur enga grein gert fyrir, hvers vegna hann þurfi frekari frest. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að veita umbeðinn frest gegn andmælum stefnda. Ber því að fella málið niður og dæma áfrýjanda til að greiða 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Á l y k t a r o r ð :

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón Styrkársson, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. febrúar 1980.

Nr. 230/1977. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Ólafssyni Friðgeirssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Skjalafals. Sýkna. Sýknukrafa ákæruvalds.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Viðar A. Olsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, kvað upp héraðsdóminn.

Héraðsdómi í máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða. Eftir uppsögu héraðsdóms fór fram framhaldsrannsókn í málinu. Við munnlegan flutning þess fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákæruvalds á grundvelli rannsóknar þessarar, að ákærði yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í ákæru, útgefinni 10. september 1976, og að allur sakarkostnaður, þar með talinn áfrýjunarkostnaður, yrði lagður á ríkissjóð.

Hinn 22. september 1978 ritaði hálfbróðir ákærða, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, yfirlýsingu þess efnis, að hann hefði ásamt tveim stúlkum, sem hann ekki vissi deili á, gerst sekur um verknað þann, sem ákærða er gefinn að sök í ákæru. Tryggvi Bjarni gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 16. febrúar og 9. mars 1979 og fyrir sakadómi 28. maí og 18. desember s. á. Í fyrra skiptið, sem hann gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni, kannaðist hann við, að hann hefði ritað yfirlýsinguna, en neitaði því, að þar væri rétt frá skýrt. Þegar hann gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í síðara skiptið, skýrði hann frá því, að hann hefði ásamt þremur ónafngreindum stúlkum staðið að verknaði þeim, sem ákærða er gefinn að sök. Hann staðfesti þetta síðan í bæði skiptin, sem hann kom fyrir dóm. Var framburður hans á þá leið, að ein hinna þriggja stúlkna hefði framkvæmt nafnritanir á ávísunina og umboðið, en hann síðan fengið ávísunina greidda á pósthúsinu. Nokkurs ósamræmis gætti þó hjá Tryggva Bjarna um hlutdeild hans annars vegar og stúlkanna hins vegar í brotinu, en hann viðurkenndi, að hann hefði staðið að því með þeim. Þær hafa ekki fundist.

Friðbjörg Ólína Kristjánsdóttir, móðursystir ákærða og Tryggva Bjarna, hefur skýrt svo frá fyrir rannsóknarlögreglu, að hún hafi spurt Tryggva Bjarna um fölsunarmálið, áður en framhaldsrannsókn hófst. Hafi hann sagt, að það hafi verið „stelpa o. fl. með henni, sem gerðu þetta“.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1. mars 1979 og kom fyrir sakadóm Keflavíkur 28. maí og 18.

desember 1979. Hann neitaði þar algerlega öllum sakargiftum. Hann skýrði frá því, að skýrsla sú, er hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík 9. febrúar 1976, hefði ekki verið gefin af fúsum og frjálsum vilja. Kveðst hann hafa verið handtekinn að morgni þess dags í Hafnarfirði að beiðni lögreglumanns í Keflavík og fluttur suður á Keflavíkurflugvöll, þar sem hann hefði verið settur í fangaklefa. Síðan hafi hann verið í haldi fram eftir kvöldi og því ekki mætt til skýrslugjafarinnar ótilkvaddur. Er hann svo kom fyrir sakadóm Keflavíkur 13. ágúst 1976, hafi hann ekki þorað að greina frá hinu rétta.

Þegar virt er, hvernig mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, verður ákærði ekki sakfelldur fyrir verknað þann, sem hann er ákærður fyrir. Verður honum því dæmd sýkna, en sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda hans í héraði, Stefáns Pálssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur, og skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Eftir þessum úrslitum ber að vísa frá héraðsdómi skaðabótakröfu Sveins Rafnssonar að fjárhæð 48.130 krónur, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Ólafsson Friðgeirsson, á að vera sýkn í máli þessu.

Framangreindri kröfu Sveins Rafnssonar er vísað frá héraðsdómi.

Allur kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðra verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur, og Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 3. júní 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. maí 1977, er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæru, dagsettri 10. september 1976, birtri

7. janúar 1977, á hendur Jóni Ólafssyni Friðgeirssyni verslunarmanni, Hringbraut 104, Keflavík, fæddum 6. ágúst 1954 í Keflavík, fyrir skjalafals, framið í Reykjavík í maí 1975.

Hinn 7. maí 1975 útbjó ákærði umboð sér til handa til að leysa út ávísun á orlofsfé að fjárhæð kr. 48.130, og falsaði ákærði nafn eiganda ávísunarinnar, Sveins Rafnssonar, undir umboðið. Fór ákærði síðan með skjal þetta í bréfapóststofuna í Reykjavík, þar sem ákærði framseldi nefnda ávísun með nafni eigandans, Sveins Rafnssonar, og ritaði sem staðfestingu vinnuveitanda og trúnaðarmanns verkalýðsfélags nöfn, er ákærði valdi af handa-hófi.

Þykir ákæruvaldinu þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að hann hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt kær-um og refsingum sem hér segir:

1971 12/10 í Keflavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 49. og 50. gr. áfengislaga.

Málsatvik.

Upphaf máls þessa var það, að hinn 12. ágúst 1975 var saka-dómi Reykjavíkur ritað bréf fyrir hönd póstgíróstofunnar, þar sem frá því var greint, að meint misferli hefði átt sér stað, er ávísun á orlofsfé að upphæð kr. 48.130 var greidd út á bréfa-póststofunni í Reykjavík hinn 7. maí s. á. Var ávísunin greidd út samkvæmt umboði, en eigandi ávísunarinnar, Sveinn Rafnsson, til heimilis að Stakkholti 3, Reykjavík, sagði nafn sitt falsað bæði á ávísunina og umboðið, og fylgdi bréfi póstgíróstofunnar skrifleg yfirlýsing Sveins þar um. Sá, sem kvittaði fyrir upphæð-inni, var Jón Ólafsson Friðgeirsson, nnr. 5129-1360, til heimilis að Hringbraut 104, Keflavík, samkvæmt þjóðskrá. Var þess óskað, að mál þetta yrði tekið til rannsóknar.

Rannsókn málsins hófst hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hinn 19. ágúst 1975, og var þá tekin skýrsla af Sveini Rafnssyni, sem áður getur, rannsóknarmanni hjá Orkustofnun ríkisins, til heimilis að Stigahlíð 4, Reykjavík. Var framburður Sveins á þá lund, að hann hefði átt von á orlofsávísun frá póstgíróstofunni, en þegar ávísunin barst ekki á því tímabili, sem hann

hafði gert ráð fyrir, hafði hann samband við stofnunina, og kom þá í ljós við könnun, að búið var að greiða út ávísunina að fjárhæð kr. 48.130 og falsa á hana nafn Sveins, nafn vinnuveitanda og trúnaðarmanns stéttarfélags. Sagði Sveinn umboðið, sem skráð var á Jón Ólafsson, en undirritað með nafni Sveins, vera falsað og skriftina vera alls ólíka sinni. Kvaðst Sveinn hafa fengið þær upplýsingar á póstgíróstofunni, að samkvæmt nafnnúmeri væri hér um að ræða Jón Ólafsson Friðgeirsson, sem var til húsa að Stigahlíð 4 um veturinn og vorið, og kvaðst Sveinn kannast lítillaga við hann.

Orlofsávísunina kvaðst Sveinn hafa átt að fá senda í pósti, en aldrei fengið og því farið að rekast í þessu við póstgíróstofuna. Ekki kvaðst Sveinn kannast við neitt af þeirri skrift, sem um ræddi, utan skriftina á bréfi sínu, dagsettu 5. ágúst 1975. Gerði Sveinn þá kröfu, að næðist hinn seki í málinu, þá yrði hann krafinn um endurgreiðslu fjárins, kr. 48.130.

Hinn 22. ágúst var Jón Ólafsson Friðgeirsson, ákærði í máli þessu, þá til heimilis að Lönguhlíð 7, Reykjavík, yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni. Neitaði hann með öllu aðild að málinu. Gaf ákærði rannsóknarlögreglunni fúslega sýnishorn af rithönd sinni og eftir að hafa séð rithöndina á frumriti orlofsávísunarinnar kvaðst ákærði undrast, hversu lík sú skrift væri hans eigin skrift, eins og hún hefði verið nokkru áður, en hann hefði nú formað undirskrift sína eins og hún væri á rithandarsýninu. Þá upplýsti ákærði, að stimpillinn „Demant h/f“ tilheyrði sér, og vissi hann ekki til, að stimpillinn hefði glatast og væri hann í sínum fórum, en á bakhlið ávísunarinnar var stimplað yfir nafn með „Demant h/f“, þar sem vera á staðfesting vinnuveitanda.

Ákærði kvaðst hafa búið í Stigahlíð 4 í um 5 mánuði og flust þaðan síðast í maí næst liðnum og þá að Lönguhlíð 7.

Jafnframt greindi ákærði svo frá, að í maímánuði hefði bróðir hans, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, búið hjá honum. Hafi hann verið í óreiðu í Reykjavík og gæti hann hæglega hafa komist yfir umræddan stimpil. Sagði ákærði einnig, að í aprílmánuði hefði verið farið inn í herbergi hans, sennilega með lykli, og ýmsu stolið frá honum, m. a. persónuskilríkjum, en ekki hefði hann tilkynnt lögreglu þetta. Ákærði kvaðst vita, hver Sveinn Rafnsson væri, en ekki þekkja hann, hefði hann aðeins talað við Svein. Loks kvað ákærði marga leiguliða hafa búið í húsinu og því margir gengið þarna um.

Bróðir ákærða, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu, og kannaðist hann ekkert við aðild að málinu né heldur neitt því viðkomandi. M. a. kannaðist hann ekki við Svein Rafnsson, né heldur hafði hann heyrt um, að stolið hefði verið frá Jóni. Kvaðst Tryggvi Bjarni hafa búið hjá Jóni í apríl og maí, eða uns Jón flutti í Lönguhlíð 7. Sagðist hann hafa verið í óreglu, en til þeirra bræðra hefðu margir komið, án þess að hann hefði þekkt þá alla. Tilgreindi Tryggvi Bjarni tvo félaga sína, þá Pál Gústafsson og Kristin Magnús Ólafsson, og lét rannsóknarlögreglunni jafnframt í té sýni rithandar sinnar. Hvorugur þeirra Páls eða Kristins Magnúsar kannaðist við aðild að málinu, en báðir létu í té sýni rithanda sinna.

Loks yfirheyrði rannsóknarlögreglan Þorbjörgu Sigurðardóttur, Drápuhlíð 17, Reykjavík, en sem staðfesting trúnaðarmanns verkalýðsfélags var ritað á ávísunina nafnið Þorbjörg Sigurðardóttir. Lét Þorbjörg fúslega í té sýni rithandar sinnar, en neitaði alfarið nokkurri vitneskju um eða aðild að málinu. Kvaðst hún ekki þekkja þá bræður, né heldur minntist hún þess að hafa komið að Stigahlíð 4, en kvaðst þekkja Pál Gústafsson og líklega Kristin Magnús Ólafsson.

Leitað var álits frú Maríu Bergmann á rithandarsýnum þeim, sem aflað hafði verið í málinu, og eins voru henni send ljósrit 5 lögregluskýrslna, sem ákærði hafði undirritað, svo og ljósrit tékka með hans undirskrift.

Álitsgerð Maríu Bergmann er dagsett 30. október 1975, og segir þar, að rithönd ákærða sé á undirskrift orlofsávísunarinnar, þar sem stendur Sveinn Rafnsson. Rithönd ákærða sé einnig á undirritun umboðsins, og einnig taldi María rithönd ákærða vera á nöfnum á bakhlið ávísunarinnar. Þá segir í bréfi Maríu Bergmann, að þessar niðurstöður, sem rökstuddar eru í 6 liðum, séu fengnar skv. kerfi því í rithandarfræði, sem kennt sé og notað af International Graphoanalysis Society Inc. í Chicago, USA, og félagsmenn þess hafi einkarétt á.

Að fenginni þessari álitsgerð var ákærði enn yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hinn 16. desember 1975. Var honum kynnt álitsgerð Maríu Bergmann, og hélt hann fast við fyrri framburð sinn. Jafnframt kannaðist ákærði við skrift sína á ljósritum af lögregluskýrslum og tékka, sem áður getur. Þá upplýsti ákærði, að nafnnúmer sitt væri á undirskrift orlofsávísunarinnar og á bakhlið hennar væri stimpill fyrirtækis

síns, Demants h/f. Stimpilinn sagði ákærði enn í sínum fórum, og vissi hann ekki til þess, að hann hefði glatast.

Hinn 9. febrúar 1976 mætti ákærði til fyrirtöku ótilkvaddur hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík og kvaðst þá vilja skýra rétt og satt frá aðild sinni varðandi kæruskýrslu Sveins Rafnssonar. Kvaðst ákærði hafa búið að Stigahlíð 4, en ekki mundi hann, hvernig orlofsávísunin hafði borist honum í hendur. Hefði sér komið í hug að innleysa ávísunina og því framselt hana með því að rita nafn eigandans á hana með eigin hendi. Hann hefði og sjálfur útbúið umboðið, sem fylgdi ávísuninni, þegar hann innleysti hana í póstgíróstofunni í Reykjavík. Andvirði ávísunarinnar kvaðst ákærði hafa notað til eigin þarfa og væri hann tilbúinn að endurgreiða það, en fé til þess hefði hann ekki handbært sem stæði.

Ákærði kom fyrir rétt í sakadómi Keflavíkur hinn 13. ágúst 1976, og neitaði hann þá algerlega að tjá sig um málið. Kannaðist hann þó við nafnritun sína á skýrslu rannsóknarlögreglunnar í Keflavík frá 9. febrúar 1976. Var ákærði spurður, hvort hann hefði komist yfir umrædda orlofsávísun, falsað á hana nöfn, útbúið umboð og innleyst ávísunina, en hann neitaði að tjá sig um málið. Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974 við yfirheyrsluna og ákærða kynnt tilefni fyrirtektarinnar. Ákærða var birt ákæran hinn 7. janúar 1977, og óskaði hann þá eftir, að Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður yrði skipaður verjandi hans í málinu, og var orðið við þeirri ósk.

Álit dómarsins.

Svo sem að framan er rakið, neitaði ákærði við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík allri aðild að máli þessu. Við yfirheyrslu í síðara skiptið lá fyrir álitssgerð Maríu Bergmann, sem byggð er á samanburði á sannanlegri rithönd ákærða og rithönd þeirri, sem er á nafnritunum á orlofsávísuninni og á umboðinu. Fullyrti María Bergmann, að rithönd ákærða væri á undirskrift orlofsávísunarinnar og umboðsins. Ákærði neitaði engu að síður sekt sinni í málinu, en ljóst er, að hann bjó í Stigahlíð 4, sama húsi og Sveinn Rafnsson, kærandinn í málinu, um það leyti sem brotið var framið. Hins vegar játaði ákærði brot sitt við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík hinn 9. febrúar 1976. Við yfirheyrslu í sakadómi Keflavíkur hinn 13. ágúst s. á. kannaðist ákærði við undirskrift sína á skýrslu um þá yfirheyrslu, en neitaði algerlega að tjá sig um málið að öðru

leyti og svaraði ekki spurningum. Verður sú þögn hans skýrð honum í óhag. Að framansögðu virtu, álitserð Maríu Bergmann, játningu ákærða hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík, staðfestingu á undirskrift á skýrslu um þá játningu fyrir dómi og loks þögn hans um málið fyrir dómi telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt lýst. Er háttsemin og færð til réttis refsíákvæðis. Ákærði hefur ekki bætt tjón það, sem af broti hans hlaust, en torvelað alla rannsókn málsins, og ber að hafa það í huga við ákvörðun refsingar.

Niðurstaða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 48.130, til Sveins Rafnssonar, Stakkholti 3, Reykjavík. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 35.000.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ólafsson Friðgeirsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði skaðabætur, kr. 48.130, til Sveins Rafnssonar, Stakkholti 3, Reykjavík.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 35.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.